

REGLUR

um uppgjör fyrir búvöruframleiðslu á verðlagsárinu 1984/1985,
skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 465/1983.

I. Almenn regla.

1. gr.

- A) Bú með 200 ærgilda framleiðslu eða minni verði undanþegin verðskerðingu ef þau eru aðaltekjuöflunarþáttur viðkomandi framleiðenda að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins, þó framleiðslan fari fram úr búmarki.
- B) Réttur til að færa 15% á milli kindakjöts og mjólkur svo sem verið hefur undanfarin ár.

II. Verðskerðing kindakjöts.

2. gr.

- A) Verðskerðing verði reiknuð 5% á kindakjöt frá 90% búmarks upp að búmarki hjá framleiðendum á lögbýlum. Reikna skal 60% verðskerðingu á það kjöt, sem er umfram búmark á lögbýlum, en þó skal felld niður verðskerðing, ef framleiðendur hafa felld allan stofninn haustið 1984 og hafa tilkynnt það til framleiðsluráðs. Heimilt er að reikna aðeins 5% verðskerðingu á ærkjöt umfram búmark, hafi menn fækkað mikið en ekki felld allan stofninn, þó þeir framleiðendur hafi ekki tilkynnt það til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
- B) Framleiðendum í þéttbýli sem hafa búmark, verði reiknuð 15% verðskerðing á kjötframleiðslu innan búmarks, en 60% á kjöt umfram búmark. 35% verðskerðing verði reiknuð á alla kjötframleiðslu hjá þeim sem ekkert búmark hafa.

III. Verðskerðing mjólkur.

3. gr.

- A) Á mjólkurframleiðslu frá 90% búmarks upp að búmarki, að teknu tilliti til tilfærsluréttar samkvæmt 1. gr. lið B komi 20% verðskerðing, þó ekki á minni búum en 300 ærgildi, samanlagt í framleiðslu sauðfjárafurða og mjólkur. Þar verði engin skerðing á mjólk innan búmarks sbr. 1. gr. lið A um tekjur.
- B) Mjólkurframleiðslan umfram búmark sbr. þó 1. gr. lið B fái 83% verðskerðingu.
- C) Fyrir verðlagsárið 1984/1985 verði verðskerðing á innlagðri mjólk felld niður hjá mjólkurframleiðendum á eftirfarandi mjólkursamlagssvæðum:
 - Ms. V.-Barðstrendinga, Patreksfirði
 - Ms. Ísfirðinga, Ísafirði
 - Ms. Kf. Langnesinga, Þórshöfn
 - Ms. Kf. Vopnfirðinga, Vopnafirði
 - Ms. Kf. Fram, Neskaupstað
 - Ms. Kf. Berufjarðar, Djúpavogi.

EKKI verði beitt verðskerðingu á mjólk hjá bændum, sem hafa skorið niður fé vegna riðuveiki og búa á svæðum, þar sem mjólk hefur verið undanþegin verðskerðingu undanfarin ár.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. apríl 1986.

Jón Helgason.

Gudmundur Sigþórsson.